

Nr. 044 / 09 Tryggvi Eðvarðs SH 2**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2579
Smíðaður: Njarðvík 2003 plast
Stærð: 11,8 brl. 13,9 bt.
Mesta lengd: 11,34 m Skráð lengd: 11,24 m
Breidd: 3,55 m Dýpt: 1,31 m
Vél: Cummins 187 kW 2003
Fjöldi skipverja: 2



Tryggvi Eðvarðs ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. maí 2009 var Tryggvi Eðvarðs SH 2 á siglingu skammt undan Látrabjargi. Veður: Logn

Skipstjóri varð var við að vélin hitnaði óeðlilega eftir að aðvörunarkerfi hennar lét vita um það. Eftir að hafa athugað með vélina var hún stöðvuð þar sem talið var að meiriháttar bilun væri í uppsiglingu. Hann hafði samband við útgerð sem fékk björgunarskipið Björgu til að sækja bátinn.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar komið var í land var ákveðið að skipta um vél án þess að bilaða vélina væri opnuð. Ekki verður því komist að orsökum bilunarinnar.
- að vélin hafði verið keyrð rúma 12.000 klukkustundir að sögn eiganda;
- að vélvirki sem hefur þjónustað vélina sagði að líkur væri til þess að sprunga hefði komið í slíf. Hún hafi rifið sig eftir að kælivatn hafi soðið af henni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.